

Minnisblað

Til: Umhverfis- og framkvæmdanefnd
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / tengiliður hverfisráða við stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar
Dags. 5. maí 2021
Mnr. 2021020095



ÍSAFJARÐARBÆR

Fegrun bæjarkjarna sumarið 2021

Í samræmi við minnisblað bæjarritara, dags. 13. ágúst 2020, ákvað sveitarfélagið að skýra og breyta verkferlum varðandi framkvæmdafé hverfisráða sveitarfélagsins. Einn þáttur þess var að veita hverfisráðum aukid tækifæri til að koma með tillögur og óskir um smærri verkefni sem snéru að fegrun og viðhaldi í bæjarkjörnunum. Þessi útfærsla hefur jafnframt verið rædd á fundum bæjarstjóra og bæjarritara með hverfisráðum veturinn 2020-2021.

Þann 13. apríl 2021 sendi bæjarritari, sem jafnframt er tengiliður hverfisráða við stjórnsýslu sveitarfélagsins, öllum hverfisráðum erindi þar sem þeim var gefinn kostur á að koma með tillögur að þeim svæðum í hverjum bæjarkjarna sem það vildi að lögð verði áhersla á við fegrun og aðra sumarvinnu, s.s. hvar ætti að setja niður blóm, reita arfa, hvaða opnu svæði ætti helst að slá, hvar væri kominn tími á málningarvinnu o.þ.h. Í erindinu var jafnframt tiltekið að garðyrkjustjóri sæi um skipulag vinnunnar og reynt yrði að koma til móts við hugmyndir hverfisráðanna. Var frestur til að leggja fram tillögur gefinn til 4. maí 2021.

Nú hafa fjögur hverfisráð skilað inn hugmyndum að forgangsatridum við sumarvinnu; Þingeyri, Suðureyri, Hnífsdalur og Efri bær og Eyri við Skutulsfjörð, sbr. meðfylgjandi skjöl.

Gögn þessi eru lögð fyrir umhverfis- og framkvæmdanefnd og lagt til við nefndina að hún samþykki að tekið verði tillit þessara óska við sumarvinnu í sveitarfélaginu.